

Nd.

460. Frumvarp til hafnalaga.

[79. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. marz.)

Samhljóða þskj. 83 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra og hefur með höndum framkvæmd laga um leiðsögn skipa.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra, verkfræðinga og annað fast starfslið að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

3. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunarinnar.

Þjóða skal út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.

6. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 5. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskípuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessum lið, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra.
4. Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum.
5. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki fullnægjandi til þess að standa að öllu leyti undir þeim hluta af stofnkostnaði hafnarinnar, sem samkvæmt lögum þessum á annars að greiða af ríkissjóði.
6. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma. sbr. 14. og 15. gr.
8. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.

Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

8. gr. hljóðar svo:

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar samþykktis hafnarmannvirkis telst kostnaður við undirbúningsrannsóknir og hönnunar- og útbóðskostnaður, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landa-kaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða

annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra um, hvort einstakir kostnaðarliðir skuli teljast styrkhæfir eða ekki, skal málinu skotið til úrskurðar ráðuneytisins.

10. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hvernir hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn, og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem bingsályktunartillaga.

Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

16. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkissyrks. Enn fremur er hafnarsjóðum, er njóta ríkisstyrks, óheimilt án samþykkis ráðuneytis að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem best með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

19. gr. hljóðar svo:

Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveifinganeftdar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnaframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem

eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.

4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr. hljóðar svo:

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarþóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. króna.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
2. Kosning og starfssvið hafnarstjóra.
3. Reglur um umferð á sjó og landi.
4. Öryggisreglur um flutninga.
5. Reglur um varnir gegn mengun og um góða umgengi.

Setja skal í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Að fengnum tillögum hafnarstjórnar skal ráðuneytið ákveða hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 48/1967, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan eins árs frá gildistöku þeirra.

Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.

28. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, og skal því lokið eigi síðar en fyrir árslok 1974.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða

I. Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lán eins og þau eru, er lög þessi taka gildi.

Við fjárlagagerð fyrir árið 1974 skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárbörf í þessu efni.

Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

II. Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:

1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.

3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgæð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutfjár.